

Fimmtudaginn 16. desember 1993.

Nr. 49/1992.

Sigurður Ingimarsson

(Valgeir Kristinsson hrl.)

gegn

Rögnvaldi Árnasyni

(Steingrímur Þormóðsson hdl.)

og Oddi Ólafssyni til réttargæslu.

Lausafjárkaup. Brigðaréttur. Traustfang. Jónsbók, kaupabálkur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. febrúar 1992. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Í íslenskum rétti nýtur ekki annarra settra reglna um álitaefni hliðstæð því, sem til úrlausnar er í máli þessu, en ákvæða 14. kapítula kaupabálks Jónsbókar, sem rakin eru í héraðsdómi, og við hérlanda dómvenju er ekki að styðjast í þessu efni. Verður að telja, að enn megi á þessari fornu réttarheimild byggja, þegar ágreinings-efni og tilefni þess er eins háttað og hér.

Samkvæmt því og með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður falli niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. janúar 1992.

Mál þetta, sem var dómtekið 17. desember 1991, hefur Rögnvaldur Hartmann Árnason bifreiðastjóri, Dalatúni 14, Sauðárkróki, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 26. febrúar 1991, á hendur Sigurði Ingimars-

syni bifreiðastjóra, Funafold 73, Reykjavík, til brigða á krana vegna tvísölu og til greiðslu málskostnaðar og á hendur Oddi Rósant Ólafssyni framleiðslustjóra, Álfaskeiði 84, Hafnarfirði, til réttargæslu með stefnu, birttri 25. október 1991.

Stefnandi krefst þess,

a) að viðurkennt verði með dómi, að stefnandi geti brigðað frá stefnda krana af Hiab-gerð, nr. 1265, árgerð 1984,

b) að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ og

c) að málskostnaðarfjárhæð beri hæstu lögleyfðu dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Málavextir, eins og stefnandi lýsir þeim, eru þeir, að 1. desember 1989 keypti hann af Framtaki hf., Hafnarfirði, Hiab-krana 1265 frá árinu 1984 á 900.000 kr. og greiddi með öðrum krana af gerðinni Fassi M-6, sem í þessum skiptum var metinn á 600.000 kr., og 300.000 kr. í peningum. Stefnandi ákvað að geyma kranann hjá Framtaki hf. fram á árið 1990, þar sem svo gæti farið, að hann keypti nýjan krana af félaginu. Í janúar 1990 tilkynnti stefnandi Framtaki hf., að hann ætlaði að ná í kranann og væri hættur við frekari kaup. Þegar stefnandi kom til Hafnarfjarðar um mánaðamótin febrúar-mars 1990, kom í ljós, að Framtak hf. hafði selt kranann. Hinn 3. október 1990 var innsetningarkröfu beint gegn stefnda. Innsetningarbeiðni var synjað og stefnandi úrskurðaður til greiðslu málskostnaðar.

Stefnandi reisir kröfur sínar á helgi eignarréttarins og að kraninn hafi verið til geymslu hjá Framtaki hf. í Hafnarfirði, þegar hann var seldur stefnda. Hann hafi því komist úr vörslum stefnanda og í vörslur stefnda með ólögmgætu sjálfræði (sic) og umboðssvikum þriðja aðila. Sá aðili hafi ekki haft heimild eða umboð til að selja stefnda kranann. Stefndi hafi ekki getað náð eignarhaldi á krananum fyrir traustfang, þar sem traustfangsreglur gildi einkum um viðskiptabréf og peninga. Stefnandi hafi ekki sýnt af sér gáleysi, þar sem hann hafi mátt treysta því, að Framtak hf. misfæri ekki með kranann. Stefnandi hafi ekki komist fyrir til að vitja um kranann sökum anna vegna ófærðar. Réttarstaða sín sé svipuð og ef krananum hefði verið stolið og hann síðan seldur grandlausum aðila.

Stefndi krafðist upphaflega aðallega frávísunar vegna vanreifunar, en þeirri kröfu var hrundið með úrskurði 23. september 1991. Nú krefst stefndi hér fyrir dómi aðallega sýknu og málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ auk 24,5% virðisaukaskatts og dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 að liðnum fimmtán dögum frá dómsuppkvaðningu til greiðsludags.

Frávísunarkrafan var rökstudd með því, að stefnukrafa stefnanda væri vanreifuð, þar sem ekki væri krafist viðurkenningar á eignarrétti í tilgreind-

um krana, sem sé forsenda fyrir brígðarétti, en talið var nægilegt, að stefnandi skírskotaði til þeirrar forsendu, að hann væri réttur og löglegur eigandi. Sýknukrafan er reist á eftirfarandi:

Framtak hf. rak verslun og viðgerðaverkstæði með notaða og innflutta, nýja og gamla krana, og mátti stefndi treysta því, að hann yrði réttur og löglegur eigandi krana, sem fyrirtækið hefði til sölu. Keypti stefndi kranann í góðri trú, greiddi kaupverð að fullu og er því réttur og löglegur eigandi kranans. Vísað er til reglna um traustfang í lausafjárkaupum. Stefndi mátti að minnsta kosti treysta því, að Framtak hf. hefði umboð stefnanda til að selja kranann, enda kraninn seldur stefnda með fullu samþykki og vitund stefnanda.

Framtak hf. er nú orðið gjaldþrota, en réttargæslustefndi var framkvæmdastjóri þess. Stefndi telur réttargæslustefnda hafa svikið sig í viðskiptunum. Af hálfu réttargæslustefnda var ekki sótt þing við þingfestingu réttargæslustefnu, enda eru engar kröfur gerðar á hendur réttargæslustefnda í málinu.

Aðilar hafa gefið skýrslur fyrir dóminum. Sölumaður Framtaks hf. og réttargæslustefndi hafa borið vitni. Þeir halda því báðir fram, að stefndi hafi vitað um rétt stefnanda og að stefnandi hafi samþykkt söluna til stefnda. Hvorugur aðili viðurkennir að hafa vitað af hinum fyrr en eftir, að kaupin höfðu verið gerð við stefnda og hann fengið umráð kranans. Samkvæmt því, sem fram hefur komið af hálfu aðila, þykir verða að leggja til grundvallar, að stefnandi hafi ekki veitt Framtaksi hf. söluumboð, en að stefndi hafi verið grandlaus um rétt stefnanda, er hann keypti kranann.

Grunnregla íslensks réttar um álítaefni þessa máls felst í svohljóðandi ákvæði 14. kapitula Kaupabálks Jónsbókar:

..... Þat má eigi haldast, ef maðr selr manni þat, er hann hefir öðrum fyrr selt. En ef sá hefir hönd at, er síðarr keypti, þá á sá kaup at hafa, er fyrr keypti, ef honum fullnast vitni. þá er þeim kaupfox, er síðarr keypti. Þat er kaupfox, ef maðr kaupir þat, er hinn átti ekki í, er seldi, nema at þess ráði væri selt, er átti. Nú skal hann hitta þann, sem honum seldi, ok heimta sitt af honum.

Þótt ákvæði þetta hafi aldrei gengið úr gildi, hefur það sætt takmörkunum og breytilegri túlkun á ýmsum tímum. Vegna áhrifa Rómaréttar var lengi talið, að fyrri kaupandi hefði ekki öðlast eignarrétt, ef hann hafði ekki tekið hinn keypta hlut í vörslur sínar. Þetta er ekki regla gildandi íslensks réttar, og verður að leggja til grundvallar, að stefnandi hafi verið orðinn eigandi kranans, þegar stefndi keypti hann.

Reglur Jónsbókar munu nú einkum geta sætt takmörkunum af traustfangsreglum, mótuðum með tilliti til öryggis í viðskiptum. Ekki verður talið, að stefnandi hafi sýnt af sér slíkt gáleysi með því að láta dragast

að sækja kranann, að hann hafi fyrirgert brigðarétti. Framtak hf. var aðallega heildsölufyrirtæki, sem flutti inn og seldi nýja krana, auk þess sem það rak viðgerðaverkstæði. Í undantekningartilvikum tók það notaða krana til endursölu upp í nýja krana. Félagið hafði ekki opna sölubúð, þar sem kraninn hefði getað verið á boðstólum, heldur var hann geymdur á verkstæðinu. Samkvæmt þessu verða ekki talin efni til að víkja frá skýrum reglum Jónsbókar vegna þarfa viðskiptalífsins.

Samkvæmt 178. gr. laga nr. 85/1936 þykir málskostnaður eiga að falla niður.

Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefnandi, Rögnvaldur Árnason, getur brigðað frá stefnda, Sigurði Ingimarssyni, krana af Hiab-gerð, nr. 1265, árgerð 1984. Málskostnaður fellur niður.
